



Fjarðabyggð, 28. júlí 2023
Tilvísun 2207098/13.0

Gangnaboð Fjarðabyggðar 2023

Á fundi fjallskilanevnd 28. júlí 2023 var samþykkt eftirfarandi fyrirkomulag gangna í Fjarðabyggð.

Fjallskilanevnd samþykkir að fjáreigendur verði gerðir ábyrgir fyrir fjallskilum á því landi sem þeir eiga fjárvon í, samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur. Fjallskilastjóri er Þuríður Lillý Sigurðardóttir.

Fyrstu göngur skulu fara fram á tímabilinu 1. – 20. september 2023. Seinni göngum skal vera lokið fyrir 23. október 2023. Fyrir 10. nóvember 2023 mun fjallskilastjóri láta kanna og smala þá eyðistaði þar sem hugsanlega er fjárvon. Kostnaður af þeim eftirleitum greiðist úr fjallskilasjóði, kr. 30.000.- pr. dagsverk, fjallskilasjóður er sveitasjóður. Jafnframt samþykkir fjallskilanevnd eftirfarandi tillögu, fyrir haustið 2023, að skiptingu fjallskiladeildarinnar í gangnasvæði og skulu göngur fara fram eins og áður segir. Tilgreindir umsjónaraðilar eru gangnaforingjar og eru ábyrgir fyrir því að boða til gangna.

Mjóifjörður: Marsibil Erlendsdóttir er gangnastjóri í **Mjóafirði að Reykjadal**. Hún hefur umsjón með fjallskilum á fyrrgreindu svæði og samkvæmt samkomulagi þá munu Vallamenn smala sínu fé í Mjóafirði. Á svæðinu frá **Nípu að Reykjadal** skulu vera tvær lögbundnar göngur og gangnastjóri mun hafa yfirumsjón með smölun og skal þeim lokið eigi síðar en **10. október 2023**. Axel Jónsson skal leggja til þrjá menn og Fjarðabyggð **tvö** dagsverk í hvora göngu til smölunar á svæðinu frá Nípu að Reykjadal.

Norðfjarðarsvæði: Sunna Júlía Þórðardóttir er gangnastjóri í Norðfirði og tillaga að dagsetningu er á ábyrgð gangnastjóra. Axel Jónsson og Leifur Jónsson skulu sjá um fjallskil frá **Nípu að Fannardalsá og Fannardal**. Gangnastjóri ásamt fjallskilastjóra skipuleggja fjallskil í **Fannardalsbotni** og kveður til þá sem eiga fjárvon á svæðinu. Á **Hólaströnd** sér um fjallskil Valgeir Guðmundsson. Þórður Júlíusson skal sjá um fjallskil í Seldal og Staðarhálsi. Önundur Erlingsson, Jón Þór Aðalsteinsson, Viðar Guðmundsson og Valdís Heidenreich skulu sjá um fjallskil sunnan **Norðfjarðarár, í Oddsdal og Hátúns**. Skal fjallskilum lokið eigi síðar en **16. október 2023**.

Hellisfjarðarsvæði: Gangnastjóri norðan Hellisfjarðarár er Önundur Erlingsson og sunnan ár er Halldór Jóhannsson. Tillaga að dagsetningu er á ábyrgð gangnastjóra. Lagt er til að norðan ár leggi Önundur Erlingsson til **fjóra** menn og Sjöfn Gunnarsdóttir **einn** mann. Og sunnan ár leggi Fjarðabyggð til **tvö** menn og Halldór Jóhannsson **einn** mann. Smölun skal vera lokið eigi síðar en **14. október 2023**.

PLS



Eskifjarðarsvæði: Halldór Jóhannsson er gangnastjóri og hefur umsjón með fjallskilum fyrir utan Hrafnadal og út úr eins og þörf er á, þó ekki í Viðfirði og Sandvík lagt er til að Guðgeir Einarsson leggi til einn mann. Fjallskilastjóri skal fá kannað hvort fé sé í Viðfirði og Sandvík, og ef svo er þá verður gerður út leiðangur til að ná í það fé. Valdis Heidenreich hefur umsjón með fjallskilum frá **Bleiksá að Helgustaðaá**. Sjöfn Gunnarsdóttir hefur umsjón með fjallskilum í **Helgustaðadal og Hrafnadal**, lagt er til að Einar Björnsson leggi til einn mann á áður nefndu svæði.

Sunnan varnarlínu í Reyðarfirði að Stöðvardsdal: Gangnastjórar á svæðinu eru Sigurður Baldursson og Ármann Elísson. Munu fjáreigendur sjá um fjallskil eins og verið hefur.

Stöðvardsalur inn af Stöðvarfirði: Gangnastjóri er Arnór Ari Sigurðsson. Munu fjáreigendur sjá um fjallskil eins og verið hefur.

Norðurdalur í Breiðdal: Gangnastjóri á svæðinu er Guðný Harðardóttir. Fjáreigendur munu sjá um fjallskil eins og verið hefur.

Heydalafjall í Breiðdal: Gangnastjóri á svæðinu er Guðný Harðardóttir. Fjáreigendur munu sjá um fjallskil eins og verið hefur.

Breiðdalur að sunnanverðu: Gangnastjóri er Sigurður Max Jónsson. Fjáreigendur munu sjá um fjallskil eins og verið hefur.

Breiðdalur að norðanverðu: Gangnastjóri er Arnór Ari Sigurðsson. Fjáreigendur munu sjá um fjallskil eins og verið hefur.

Gildir fyrir öll fjallskilasvæði: Þeir aðilar sem tilgreindir eru sem gangnaforingjar á sínu svæði geta kallað til aðra sem eiga fjárvon á þeim svæðum sem þeim eru falin. Fjallskilanevnd Fjarðabyggðar hefur komið á þeirri vinnureglu að fjáreigendur eru ábyrgir fyrir fjallskilum á því landi sem þeir eiga fjárvon á samkvæmt fjallskilasamþykkt sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Fjallskil á svæðinu frá **Bleiksá að Hjálpleysuá** að sveitafélagsmörkum við Fljótsdalshérað, verði framkvæmd af fjáreigendum á Völlum í samráði við fjallskilastjóra Fjarðabyggðar.

Gangnarof telst það vera ef gangnamenn; eru óhæfir eða vanbúnir til gangna, óhlýðnast gangaforingja, vanrækja fjallskil og eða mæta ekki til gangna án þess að tilkynna forföll. Gangnaforingja er heimilt að sekta fyrir gangnarof sem samsvarar allt að einu og hálfu dagsverki sbr. fjallskilasamþykkt sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Hver bóndi, eða umráðamaður jarðar, er skyldur til að hirða kindur sem finnast á heimalandi hans eftir að fjallskilum er lokið og tilkynna það eigendum sé það innansveitarfé en fjallskilastjóra sé það utan sveitar.

Bréf þetta er sent öllum fjáreigendum í Fjarðabyggð og stjórnsýslu Múlapings.

PLS



Fh. fjallskilanevndar

Fjallskilastjóri

Þuríður Hilgá

Bæjarritari

Guðmóðir Jónsdóttir

